Á hendur ákærða Lárusi sem forstjóra Glitnis banka hf., fyrir markaðsmisnotkun, með því að hafa komið á viðskiptum með hluti í Glitni banka hf. þar sem ranglega var látið líta svo út að 14 félög í eigu jafn margra starfsmanna bankans, hefðu 15. og 16. maí 2008 lagt fé til kaupa á samtals 393.385.540 hlutum í bankanum, sem bankinn seldi þeim, og borið af þeim fulla markaðsáhættu, þegar kaup félaganna voru í raun fjármögnuð að fullu með lánveitingum frá bankanum, alls að fjárhæð 6.767.343.208 kr., sem bar þannig, sem lánveitandi og seljandi hlutanna, áfram fulla markaðsáhættu af hlutunum, þar sem engar aðrar tryggingar voru fyrir hendi en hinir seldu hlutir, og voru viðskiptin, sem byggðust á blekkingum og sýndarmennsku, þannig líkleg til að gefa eftirspurn eftir hlutunum í bankanum ranglega og misvísandi til kynna.

Viðskiptin, sem voru tilkynnt íslensku kauphöllinni 15. maí 2008, sundurliðast þannig:

Kaupandi	Fjöldi hluta í Glitni banka hf.	Gengi í viðskiptum	Kaupverð í íslenskum krónum án þóknunar	Eigandi félagsins
Einarsmelur18 ehf.	46.690.000	16,9942	793.459.198	Einar Örn Ólafsson
Margin ehf.	46.663.108	17,05	795.605.991	Magnús Arnar Arngrímsson
Strandatún ehf.	46.680.000	16,9942	793.289.256	Rósant Már Torfason
AB 154 ehf.	46.663.108	17,05	795.605.991	Vilhelm Már Þorsteinsson
Hekt ehf.	30.000.000	16,9942	509.826.000	Eggert Þór Kristófersson
Gnómi ehf.	46.689.324	16,9942	793.447.710	Jóhannes Baldursson
Samtals	263.385.540		4.481.234.146	

Viðskiptin, sem voru tilkynnt íslensku kauphöllinni þann 16. maí 2008, sundurliðast þannig:

Kaupandi	Fjöldi hluta í Glitni banka hf.	Gengi í viðskiptum	Kaupverð í íslenskum krónum án þóknunar	Eigandi félagsins
AB 158 ehf.	30.000.000	17,3	519.000.000	Ingi Rafnar Júlíusson
Milli stanga ehf.	10.000.000	17,3	173.000.000	Bjarni Jóhannesson
AB 161 ehf.	10.000.000	17,3	173.000.000	Elmar Svavarsson
AB 133 ehf.	10.000.000	17,3	173.000.000	Ari Daníelsson
Laugalind ehf.	10.000.000	17,3	173.000.000	Friðfinnur R. Sigurðsson
AB 135 ehf.	10.000.000	17,3	173.000.000	Stefán Sigurðsson
Skebbi ehf.	20.000.000	17,3	346.000.000	Rúnar Jónsson
Langidalur ehf.	30.000.000	17,3	519.000.000	Magnús Pálmi Örnólfsson
Samtals	130.000.000		2.249.000.000	

Framangreind 14 félög voru nýstofnuð og keypt í þeim tilgangi að eiga í ofangreindum viðskiptum. Þegar viðskiptin áttu sér stað voru félögin öll eignalaus.

III

Á hendur ákærða, Lárusi sem forstjóra Glitnis banka hf., fyrir umboðssvik, með því að hafa í maí árið 2008 misnotað aðstöðu sína hjá Glitni banka hf. sem forstjóri bankans, og stefnt fé bankans í verulega hættu þegar hann fór út fyrir heimildir til lánveitinga og veitti 14 félögum með takmarkaða ábyrgð í eigu jafn margra starfsmanna bankans, eftirfarandi lán, samtals að fjárhæð 6.767.343.208 krónur, til að fjármagna að fullu kaup á alls 393.385.540 hlutum í Glitni, án þess að fyrir lægi samþykki þar til bærrar lánanefndar, án þess að endurgreiðsla lánanna væri tryggð í samræmi við ákvæði lánareglna bankans um töku trygginga fyrir útlánum og án þess að meta á nokkurn hátt greiðslugetu og eignastöðu lánþeganna. Nánar tiltekið:

1. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu Einarsmel 18, kt. 470508-0190, í eigu Einars Arnar Ólafssonar, lán að fjárhæð 797.834.161 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 20. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 46.690.000 hlutum í Glitni hinn 15. maí 2008, að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
2. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu Margin, kt. 470508-0270, í eigu Magnúsar Arnar Arngrímssonar lán að fjárhæð 799.992.791 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 20. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 46.663.108 hlutum í Glitni hinn 15. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
3. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu Strandatúni, kt. 470508-3100, í eigu Rósants Más Torfasonar lán að fjárhæð 797.663.282 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 20. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 46.680.000 hlutum í Glitni hinn 15. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
4. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu AB 154, kt. 470508-0350, í eigu Vilhelms Más Þorsteinssonar lán að fjárhæð 799.992.791 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 20. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 46.663.108 hlutum í Glitni hinn 15. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
5. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu Hekt, kt. 470508-0430, í eigu Eggerts Þórs Kristóferssonar lán að fjárhæð 512.637.071 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 20. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 30.000.000 hlutum í Glitni hinn 15. maí 2008 að meðtöldum

lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.

6. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu Gnóma, kt. 470508-0780, í eigu Jóhannesar Baldurssonar lán að fjárhæð 797.822.610 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 20. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 46.689.324 hlutum í Glitni hinn 15. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
7. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu AB 158, kt. 470508-1160, í eigu Inga Rafnars Júlíussonar lán að fjárhæð 521.861.654 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 21. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 30.000.000 hlutum í Glitni hinn 16. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
8. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu Milli stanga, kt. 470508-1590, í eigu Bjarna Jóhannessonar lán að fjárhæð 173.953.885 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 21. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 10.000.000 hlutum í Glitni hinn 16. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
9. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu AB 161, 470508-1830, í eigu Elmars Svavarssonar lán að fjárhæð 173.953.885 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 21. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 10.000.000 hlutum í Glitni hinn 16. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
10. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu AB 133, kt. 680108-0720, í eigu Ara Daníelssonar lán að fjárhæð 173.953.885 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 21. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 10.000.000 hlutum í Glitni hinn 16. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
11. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu Laugalind, kt. 681207-1630, í eigu Friðfinns R. Sigurðssonar lán að fjárhæð 173.953.885 krónur. Skrifað var undir lánssamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 21. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 10.000.000 hlutum í Glitni hinn 16. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.

12. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu AB 135, kt. 681207-2010, í eigu Stefáns Sigurðssonar lán að fjárhæð 173.953.885 krónur. Skrifað var undir lánsamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 21. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 10.000.000 hlutum í Glitni hinn 16. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
13. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu Skebba, 470508-1240, í eigu Rúnars Jónssonar lán að fjárhæð 347.907.769 krónur. Skrifað var undir lánsamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 21. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 20.000.000 hlutum í Glitni hinn 16. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.
14. Fyrir að hafa veitt einkahlutafélaginu Langadal, kt. 470508-0940, í eigu Magnúsar Pálma Örnólfssonar lán að fjárhæð 521.861.654 krónur. Skrifað var undir lánsamning þess efnis 19. maí 2008 og var lánið greitt út 21. maí 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 30.000.000 hlutum í Glitni hinn 16. maí 2008 að meðtöldum lántökukostnaði. Lánið var á gjalddaga 20. maí 2012 og hefur verið í vanskilum frá þeim degi. Félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota og verður að telja lánið Glitni að fullu glatað.

IV

Brot ákærðu Lárusar, Jóhannesar, Jónasar, Valgarðs og Péturs samkvæmt kafla I í ákæru teljast varða við a- og b-lið 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr., sbr. 1. tölulið 146. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, sbr. áður a- og b-lið 1. töluliðar 1. mgr. 55. gr., sbr. 1. tölulið 78. gr. a., þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003, hvað varðar tímabilið 1. júní til 31. október 2007.

Brot ákærða Lárusar í II. kafla ákæru, telst varða við a-lið 1. töluliðar og 2. tölulið 1. mgr. 117. gr., sbr. 1. tölulið 146. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Brot ákærða Lárusar í III. kafla ákæru, telst varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

1 Lýsing á heildarháttseminni

Brot ákærðu voru mjög umfangsmikil. Þau voru þaulskipulögð, stóðu yfir í langan tíma og vörðuðu gríðarlega háar fjárhæðir. Glitnir var þriðji stærsti útgefandi hlutabréfa sem skráð voru í Kauphöllinni á þeim tíma sem ákæran tekur til. Sú háttsemi sem ákærðu er gefin að sök í I. kafla ákæru fól í sér langvarandi, stórfellda og ólögsmæta íhlutun í gangverk verðbréfamarkaðarins, þar sem hún leiddi til þess að verð hlutabréfa í Glitni laut í raun ekki þeim markaðslögmálum sem lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (hér eftir vvl.) áskilja. Verðmyndun hlutabréfanna var handstýrt af ákærðu Lárusi, Jóhannesi, Jónasi, Valgarði og Pétri og fjárfestar, kröfuhafar, stjórnvöld og samfélagið í heild blekkt. Háttsemin sem ákærða Lárusi er gefin að sök í köflum II–III í ákæru tengist þeirri markaðsmisnotkun sem lýst er í I. kafla ákærunnar.

Ákærðu höfðu ríka hagsmuni af því að verð á hlutabréfum í bankanum lækkaði ekki eða lækkaði sem allra minnst. Ákærðu komu ýmist í veg fyrir eða hægðu á lækkun á verði hlutabréfa í Glitni og juku seljanleika þeirra með kerfisbundnum og stórfelldum uppkaupum á bréfunum í krafti fjárhagslegs styrks bankans um 16 mánaða skeið. Til að koma þessu til leiðar lögðu ákærðu Jónas, Valgarð og Pétur, að undirlagi ákærðu Lárusar og Jóhannesar í upphafi hvers víðskiptadags, fram röð stórra kaupþilboða með litlu innbyrðis verðbili. Þá víðskiptadaga sem framboð hlutabréfa í Glitni var af svo skornum skammti að jafnvægi var milli framboðs og eftirspurnar annarra en eigin víðskipta Glitnis (hér eftir EVG) reyndi lítið eða jafnvel ekkert á þessi kaupþilboð EVG og verðið hélst stöðugt. Þessa daga keypti EVG lítið af hlutabréfum í Glitni eða nýtti jafnvel tækifærið til að selja bréf, í litlum mæli þó. Flesta víðskiptadaga var staðan hins vegar sú að framboð á hlutabréfum í Glitni var langt umfram eftirspurn annarra en EVG þannig að seljendur tóku kaupþilboðum EVG hverju á fætur öðru. Með því að hafa lítið verðbil milli kaupþilboða sinna, tryggðu ákærðu að verðið lækkaði hægt. Suma dagana nægðu þau tilboð EVG sem lögð voru fram í upphafi víðskiptadags samkvæmt framangreindu til að stöðva verðlækkunina en þegar söluprýstingur var mikill var öllum kaupþilboðum bankans tekið. Áður en kaupþilboðin voru uppurin bættu ákærðu Jónas, Valgarð og Pétur, að undirlagi ákærðu Jóhannesar og Lárusar, fleiri kaupþilboðum við til að hægja á verðlækkun hlutabréfanna. Suma víðskiptadaga gerðist þetta ítrekað. Ef söluprýstingur minnkaði verulega eða hvarf hækkaði EVG jafnvel kaupþilboð sín.

Framangreind háttsemi sýnir að meginmarkmið ákærðu í víðskiptum og tilboðum með hlutabréf í Glitni var að stuðla að því að verð hlutabréfanna héldist stöðugt eða lækkaði sem allra minnst en ekki að kaupa hlutabréfin á sem lægstu verði.

Um samfellda markaðsmisnotkun var að ræða á öllu tímabilinu þar sem háttsemi ákærðu miðaði allan tímann að því að halda verði hlutabréfa í bankanum stöðugu eða draga úr verðlækkun með því að halda inni kaupþilboðum og kaupa umframframboð af hlutabréfum í bankanum. Tilgangurinn var jafnframt að tryggja seljanleika hlutabréfa í Glitni með mikilli og stöðugri eftirspurn eftir hlutabréfunum. Þar sem framboð á hlutabréfum var hins vegar mismunandi frá degi til dags reyndi mismikið á þau kaupþilboð sem mynduðu verðgólf og kauphlutfall EVG var mismunandi frá degi til dags.

Samtals námu kaup EVG á hlutabréfum í Glitni umfram sölu í sjálfvirkum pörunarvíðskiptum á tímabilinu um 31% af öllu útgefnu hlutfé Glitnis eða 4.665.031.679 hlutum af samtals

14.880.701.303 útgefnum hlutum. Í því sambandi verður að hafa í huga að um 40% af hlutafé Glitnis var í eigu FL-Group hf. og annarra kjölfestuhluthafa í bankanum frá vorinu 2007 og því ekki á markaði.

Samkvæmt þágildandi ákvæði 1. mgr. 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki mátti fjármálafyrirtæki ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins eiga eða taka að veði eigin hlutabréf sem nam hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár fyrirtækisins. Eignaðist fyrirtækið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skyldi það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki væri náð innan þriggja mánaða. Brot gegn ákvæðinu varðaði stjórnvaldssektum, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 110. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 hafði að geyma samsvarandi reglu, en brot gegn ákvæðinu varðaði tveggja ára fangelsisrefsingu, sbr. 2. tölulið 153. gr. sömu laga. Samkvæmt svonefndum Own Share Report skýrslum Glitnis fór bankinn ítrekað yfir umrædd mörk á ákærutímabilinu. Þótt bankanum hafi ekki tekist að halda sig innan framangreindra marka var samþykkis Fjármálaeftirlitsins ekki leitað og umfangsmiklum kaupum á eigin hlutabréfum Glitnis haldið áfram.

Þágildandi ákvæði 93. gr. vvl. hafði að geyma fyrirmæli um flöggunarskyldu, þ.e. um skyldu til að birta opinberlega hlutfall eigin hluta ef öflunin eða ráðstöfunin leiddi til þess að hlutfallið hækkaði yfir eða lækkaði niður fyrir 5% eða 10% atkvæðisréttar. Lögð var áhersla á það af hálfu stjórnenda bankans að fara ekki yfir 5% flöggunarmörkin þar sem þeir vildu ekki vekja athygli markaðarins á miklum kaupum bankans á eigin hlutabréfum. Til marks um það var ákveðið 17. september 2007 að fjárfestingarmörk EVG vegna eigin hlutabréfa bankans skyldu vera 5% af útgefnu hlutafé bankans að nafnvirði sem eru sömu mörk og miðað er við í flöggunarreglum laga um verðbréfavíðskipti. Þau fjárfestingarmörk héldust óbreytt fram að falli bankans.

Loks kom það sér illa fyrir Glitni að eiga mikið magn eigin hlutabréfa því að samkvæmt þágildandi ákvæði 4. og 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ber að draga frá eiginfjárþætti A, sem er hluti af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, bókfært virði eigin hlutabréfa. Miklir hagsmunir voru því í húfi fyrir bankann að losna við eigin hlutabréf fyrir ársfjórðungsleg uppgjör.

Þar sem sala EVG á hlutabréfum í Glitni í sjálfvirkum pörunarviðskiptum í Kauphöllinni hefði stóraukið framboð bréfanna og leitt til verðlækkunar gripu ákærði Lárus og fleiri yfirmenn bankans til annarra ráða til að losna við eigin hlutabréf Glitnis, oftast gegn fullri fjármögnun bankans, og er stærstu ráðstöfunum lýst hér á eftir. Sú háttsemi ákærða Lárusar sem lýst er í köflum II – III í ákæru var hluti af framangreindum ráðstöfunum til að losa Glitni við eigin hlutabréf án þess að valda verðlækkun á þeim.

- a) Sala Glitnis á 640.000.000 hluta í bankanum til FS 37 ehf., (síðar STÍM ehf.) í utanþingsviðskiptum 16. nóvember 2007. Af framangreindum hlutabréfum voru 594.500.000 hlutir keyptir af EVG á markaðsverði. Viðskiptin voru að stærstum hluta fjármögnuð með láni frá bankanum sjálfum. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu, nr. S-192/2014, þar sem fjallað var um fjármögnun viðskiptanna, var kveðinn upp 21. desember 2015. Ákærðu voru sakfelldir fyrir umboðssvik.
- b) Sala Glitnis á 150.000.000 hlutum í bankanum til BK-44 ehf. í utanþingsviðskiptum 7. nóvember 2007. Viðskiptin voru að fullu fjármögnuð með lánum frá Glitni. Dómur Hæstaréttar Íslands í málinu, nr. 478/2014, þar sem fjallað var um viðskiptin, var kveðinn

upp 3. desember 2015. Ákærðu voru sakfelldir fyrir markaðsmisnotkun, umboðssvik og brot gegn lögum um ársreikninga.

- c) Sala Glitnis á 341.535.751 hlut í bankanum til Salt Investments ehf. í utanþingsviðskiptum 27. desember 2007. Viðskiptin voru að fullu fjármögnuð með lánum frá Glitni.
- d) Sala Glitnis á 101.287.166 hlutum í bankanum til FS7 ehf. í utanþingsviðskiptum 28. desember 2007. Viðskiptin voru að fullu fjármögnuð með lánum frá Glitni.
- e) Sala Glitnis á 135.954.545 hlutum í bankanum til Langflugs ehf. í utanþingsviðskiptum 28. desember 2007. Viðskiptin voru að fullu fjármögnuð með lánum frá Glitni.
- f) Sala Glitnis á 260.412.272 hlutum í bankanum til IceProperties ehf. í utanþingsviðskiptum 12. febrúar 2008. Viðskiptin voru að fullu fjármögnuð með lánum frá Glitni.
- g) Sala Glitnis á 297.614.026 hlutum í bankanum til Rákungs ehf. í utanþingsviðskiptum 13. febrúar 2008. Viðskiptin voru að fullu fjármögnuð með lánum frá Glitni.
- h) Sala Glitnis á 393.385.540 hlutum í bankanum til fjórtán einkahlutafélaga í eigu starfsmanna bankans í utanþingsviðskiptum 15. og 16. maí 2008. Viðskiptin voru að fullu fjármögnuð með lánum frá Glitni, sbr. II. og III. kafla í ákæru.
- i) Skipti Glitnis og Landsbanka Íslands hf. (hér eftir Landsbankinn) á eigin hlutabréfum á tímabilinu 17. september 2008 til 30. september 2008. Nánar tiltekið seldi EVG 462.000.000 hluta í Glitni til Landsbankans fyrir 3.667.750.000 krónur og keypti 168.000.000 hluta í Landsbankanum af Landsbankanum fyrir 3.656.000.000 króna í utanþingsviðskiptum.
- j) Sala Glitnis á 370.000.000 hluta í bankanum til Salt Financials ehf. í utanþingsviðskiptum 18. september 2008. Viðskiptin voru að fullu fjármögnuð með lánum frá Glitni.
- k) Sala Glitnis á 297.614.026 hlutum í bankanum til S.Á. Bollason ehf. í utanþingsviðskiptum 22. september 2008. Viðskiptin voru að fullu fjármögnuð með lánum frá Glitni.

Með framangreindum hætti losnaði Glitnir við 3.449.803.326 eigin hluti eða sem nam tæplega 74% af þeim 4.665.031.679 hlutum sem EVG keypti nettó í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á tímabilinu. Í framangreindum utanþingsviðskiptum var völdum viðskiptavinum Glitnis í flestum tilvikum boðið að kaupa hlutabréf í Glitni gegn fullri fjármögnun bankans. Í sumum tilvikum var viðskiptavinum tryggt skaðleysi af hlutabréfaviðskiptunum. Markaðsáhætta kaupenda af kaupum á hlutabréfunum var því lítil sem engin en þess í stað sat Glitnir uppi með áhættuna.

Þessi utanþingsviðskipti fóru að jafnaði fram með fáum stórum sölum og höfðu lítil sem engin áhrif á verðmyndun hlutabréfa í Glitni gagnstætt því sem hefði átt sér stað ef hlutabréfin hefðu verið seld í sjálfvirkum pörunarviðskiptum til óháðs þriðja aðila. Voru viðskiptin ýmist innan verðbils og höfðu þannig lítil áhrif á verðmyndun hlutabréfa í bankanum eða utan verðbils og höfðu þá einungis óbein áhrif á verðmyndun hlutabréfa í bankanum. Þessi utanþingsviðskipti voru þannig bæði afleiðing stórfelldrar og kerfisbundinnar markaðsmisnotkunar ákærðu og forsenda þess að ákærðu gætu haldið henni áfram.

Til frekari staðfestingar á því að lögmæt viðskiptasjónarmið réðu ekki för í viðskiptum EVG með hlutabréf í Glitni á tímabilinu sem ákæran tekur til er síðan sú staðreynd að verulegt uppsafnað tap varð af viðskiptunum eða rúmlega 17 milljarðar króna. Tapið var þó smávægilegt í samanburði við það útlánatap sem hlaut af sölu Glitnis á hinu uppsafnaða hlutafé í utanþingsviðskiptum sem fjármögnuð voru að fullu eða stærstum hluta með lánum frá bankanum. Lánveitingar þær sem ákært er fyrir í III. kafla ákærunnar eru dæmi um slíkt.

2 Markaðsmisnotkun - ólögmæt íhlutun í gangverk verðbréfamarkaðarins

Verðmyndun verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og hlutabréf í Glitni voru, ræðst af viðskiptum sem þar eiga sér stað og eftir atvikum tilboðum sem þar eru sett fram. Þegar framboð á tilteknum verðbréfum er meira en eftirspurn lækkar verðið en ef eftirspurn er meiri en framboð hækkar verðið. Ef jafnvægi er milli framboðs og eftirspurnar stendur verðið hins vegar í stað. Á verðbréfamörkuðum er sérstök áhersla lögð á að sömu upplýsingar séu tiltækar öllum sem þar stunda viðskipti. Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 er útgefendum skylt að veita markaðnum upplýsingar sem geta haft áhrif á verð verðbréfanna og kunna að auðvelda fjárfestum að verðmeta verðbréfin. Jafnframt þurfa aðilar sem eiga í viðskiptum að veita upplýsingar um viðskipti sín á milli (upplýsingar að loknum viðskiptum). Ef um skipulegan verðbréfamarkað er að ræða, ber aðilum sem eiga viðskipti einnig að veita upplýsingar um tilboð sem lögð eru fram (upplýsingar fyrir viðskipti). Lögunum er ætlað að tryggja eðlilega og heilbrigða verðmyndun verðbréfa og að verð þeirra endurspegli raunverulegt framboð og eftirspurn á markaði. Mikilvægt er að unnt sé að treysta því að verðið sem verður til í viðskiptum með verðbréf sé sanngjarn mælikvarði á virði þeirra. Verðið má telja sanngjarnt ef það hefur orðið til í viðskiptum tveggja óháðra aðila með gagnstæða hagsmuni, seljanda sem vill fá sem hæst verð og kaupanda sem vill greiða sem lægst verð.

Markaðsmisnotkun felur í sér ólögmæta íhlutun í verðmyndun á verðbréfamarkaði sem hefur áhrif á gangverk markaðarins. Eitt af meginmarkmiðum reglna um markaðsmisnotkun er að auka traust fjárfesta og almennings á fjármálamörkuðum með því að banna slíka íhlutun og tryggja sanngjarna og eðlilega verðmyndun, sbr. t.d. 12. gr. formála tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB um innherjasvik og markaðsmisnotkun (hér eftir markaðssvikatilskipunin). Skaðsemi markaðsmisnotkunar er almennt talin felast í því að rýra traust á verðbréfamarkaði og tiltrú almennings og fjárfesta á því að leikreglur hans séu virtar. Markaðsmisnotkun er jafnframt til þess fallin að hafa óeðlileg áhrif á ákvarðanir aðila á markaði um hvort þeir eigi að kaupa viðkomandi verðbréf, halda þeim eða selja og valda fjölmörgum aðilum miklu tjóni.

3 Sjálfvirk pörunarviðskipti og utanþingsviðskipti

Kafla I í ákæru snýr eingöngu að viðskiptum og tilboðum sem EVG framkvæmdu fyrir eigin reikning bankans. Þar af leiðandi tekur kaflinn ekki til viðskipta eða tilboða sem starfsmenn Glitnis önnuðust fyrir hönd viðskiptavina bankans, t.d. í gegnum verðbréfamiðlun, einkabankaþjónustu eða fjárstýringu bankans. Í ákæru er gerður greinarmunur á viðskiptum Glitnis í sjálfvirkum pörunarviðskiptum og utanþingsviðskiptum, sem eru einnig nefnd tilkynnt viðskipti. Með sjálfvirkum pörunarviðskiptum er átt við ferli í viðskiptakerfi Kauphallarinnar þar sem kaup- og sölutilboð eru pöruð sjálfkrafa saman þegar verð, magn og önnur skilyrði í tilteknu tilboði (t.d.

kauptilboði) samsvara öðru tilboði (t.d. sölutilboði) sem áður hefur verið skráð í tilboðabók. Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar nr. 842/2014 frá 4. febrúar 2016 eiga sjálfvirk pörunarviðskipti sér stað með rafrænum hætti og eru því annars eðlis en viðskipti sem gerð eru annars staðar, jafnvel þótt þau viðskipti séu tilkynnt þangað um leið eða skömmu eftir að frá þeim er gengið. Það stafar af því að í sjálfvirkum pörunarviðskiptum geta margir komið að viðskiptunum í einu án þess að vita hver af öðrum og komast þau á við það að kaup- og sölutilboð, sem skráð hefur verið í tilboðaskrá, eru pöruð sjálfkrafa ef þau samsvara tilboði sem áður hefur verið þar skráð. Í dóminum segir jafnframt að með þessu móti sé leitast við að tryggja að viðskiptin séu gerð milli ótengdra aðila þannig að verð á hlutabréfum ráðist af raunverulegu framboði og spurn eftir þeim á markaði. Engin slík umgjörð er um kaup og sölu hlutabréfa utan kauphallar eða skipulegs verðbréfamarkaðar. Slík viðskipti geta að vísu verið milli ótengdra aðila og endurspeglað raunverulegt framboð og eftirspurn bréfanna, en aftur á móti er engin trygging fyrir því að sú sé reyndin. Undir sjálfvirk pörunarviðskipti falla öll pörunarviðskipti sem eiga sér stað á daglegum viðskiptatíma. Viðskiptatími skiptist í þrennt. Fyrst er opnunaruppboð, síðan tekur við samfelldur viðskiptatími en daglegum viðskiptum lýkur með lokunaruppboði. Með utanþingsviðskiptum er átt við viðskipti sem stofnað er til utan viðskiptakerfis Kauphallarinnar sem í kjölfarið eru tilkynnt til Kauphallarinnar.

Öll viðskipti með verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði eru til þess fallin að hafa áhrif á verð viðkomandi verðbréfa. Sjálfvirk pörunarviðskipti eru helsti drifkraftur verðmyndunar á skipulegum verðbréfamarkaði. Þrátt fyrir að utanþingsviðskipti geti numið umtalsverðum fjárhæðum eru áhrif þeirra á verðmyndun í heild óveruleg og skammvinn í samanburði við sjálfvirk pörunarviðskipti og þá aðeins þegar viðskiptin eru innan verðbils, þ.e. á bilinu milli hæsta kauptilboðs og lægsta sölutilboðs þegar tilkynning um utanþingsviðskiptin berst Kauphöllinni.

4 Aðstaða ákærðu á tímabilinu frá 1. júní 2007 til 26. september 2008

Ákærði Lárus var á tímabilinu sem ákæran tekur til forstjóri Glitnis. Hann var formaður áhættunefndar bankans (RC) allt það tímabil sem ákæran tekur til en nefndin bar m.a. ábyrgð á stjórnun og eftirliti með allri útlánaáættu og markaðsáættu Glitnis á samstæðugrundvelli. Nefndin ákvað meðal annars reglur um markaðsáættu og hafði heimild til að samþykka hæstu útlán bankans fyrir utan stjórn hans. Ákærði Lárus sat einnig í efnahagsnefnd bankans (ALCO) frá 6. júní 2007, en var formaður hennar frá 21. maí 2008. Ákærði Lárus fékk sent yfirlit stjórnenda (e. Management Overview) í tölvupósti frá 2. maí 2007 þar til að hann hætti störfum í lok september 2008. Á yfirlitinu kom m.a. fram markaðsvirði eigin hlutabréfa Glitnis á veltubók EVG og upplýsingar um tap veltubókarinnar á viðskiptum með hlutabréf í Glitni. Upplýsingarnar um tapið breyttust lítilliga milli áranna 2007 og 2008. Árið 2007 var í yfirlitinu að finna tap síðustu viku, mánaðarins og uppsafnað tap ársins. Árið 2008 sýndi yfirlitið tap mánaðarins, ársfjórðungsins og uppsafnað tap ársins. Eftir að efnahagsnefnd og markaðsáættunefnd voru sameinaðar voru slík yfirlit stundum tekin fyrir á fundum ALCO og fylgdu þá með í fundargerðum. Þá var skýrsla um eigin hlutabréf (e. Own Share Report) send sjálfvirk úr tölvukerfum bankans og fékk ákærði Lárus hana senda að minnsta kosti tvisvar á ákærutímabilinu, skýrslu dags. 20. ágúst 2007 og dags. 24. október 2007. Skýrslan er ítarlegt yfirlit yfir eign bankans í eigin bréfum með hliðsjón af 5% og 10% flöggunarreglum, en þar kemur m.a. fram, nafnvirði og markaðsvirði og sem hlutfall af útgefnu hlutafé bankans; fjöldi hlutabréfa á bók eigin viðskipta, fjöldi hlutabréfa

vegna framvirkra samninga, fjöldi hlutabréfa vegna veða og trygginga og fjöldi hlutabréfa vegna varna gegn afleiðusamningum.

Ákærði Jóhannes var forstöðumaður markaðsviðskipta Glitnis á Íslandi frá 2. febrúar 2007 en tók við stöðu framkvæmdastjóra markaðsviðskipta í maí 2008 af Guðmundi Hjaltasyni. Í raun fékk ákærði Jóhannes þá annan titil en gegndi allt tímabilið sama starfi. Ákærði Jóhannes sat í markaðsáðættunefnd Glitnis (MRC) fyrri hluta ákærutímabils til 24. apríl 2008 þegar hún sameinaðist efnahagsnefnd bankans (ALCO), en hann sat í þeirri síðarnefndu til loka ákærutímabils. Ákærði Jóhannes fékk sent yfirlit stjórnenda (e. Management Overview), eins og meðákærði Lárus, í tölvupósti frá 10. júlí 2007 til loka ákærutímabils. Ákærði Jóhannes fékk jafnframt daglega senda skýrslu áhættustýringar um markaðsáðættu (e. Market Risk Report) í tölvupósti allt ákærutímabilið. Í skýrslunni voru m.a. upplýsingar um stöðuna á veltubók EVG, bók 52, nánar tiltekið fjölda bréfa í lok dags, markaðsvirði bréfanna, dagslokagengi og hagnaður eða tap í lok dags ásamt fjármagnskostnaði. Þá fékk ákærði Jóhannes senda skýrslu um eigin hlutabréf (e. Own Share Report) eins og ákærði Lárus að minnsta kosti 11 sinnum á ákærutímabilinu.

Ákærðu Jónas, Valgarð og Pétur voru starfsmenn EVG og meginhlutverk þeirra var að eiga viðskipti fyrir eigin reikning bankans í skráðum innlendum og erlendum hlutabréfum, þar á meðal viðskipti með hlutabréf í Glitni sem ákæran lýtur að. Ákærði Jónas fékk daglega senda skýrslu áhættustýringar um markaðsáðættu (e. Market Risk Report) í tölvupósti allt ákærutímabilið. Ákærði Pétur fékk daglega senda skýrslu áhættustýringar um markaðsáðættu (e. Market Risk Report) í tölvupósti fyrri hluta ákærutímabils til 8. janúar 2008 þegar hann hóf störf í gjaldeyrisstýringu bankans. Ákærði Valgarð fékk daglega senda skýrslu áhættustýringar um markaðsáðættu (e. Market Risk Report) í tölvupósti frá 16. október 2007 til loka ákærutímabils.

5 Fjárhagslegir hagsmunir ákærðu og Glitnis af hlutabréfaverði bankans

Fjárhagslegir hagsmunir Glitnis af verði hlutabréfa í bankanum, sem og þeirra sem ákærðir eru fyrir markaðsmisnotkun, voru verulegir.

Glitnir, sem útgefandi hlutabréfanna, hafði ríka hagsmuni af því að verð hlutabréfa í bankanum héldist sem hæst, þar sem hátt hlutabréfaverð var til þess fallið að hafa jákvæð áhrif á ímynd bankans gagnvart almenningi sem traustri og trúverðugri fjármálastofnun. Þá var hátt hlutabréfaverð einnig líklegt til að laða að nýja fjárfesta og viðskiptavini og hafa jákvæð áhrif í samskiptum bankans við lánveitendur. Auk þess tók Glitnir í miklum mæli veð í eigin hlutabréfum sem tryggingu fyrir endurgreiðslu lána bankans til viðskiptavina. Lækkandi hlutabréfaverð var því til þess fallið að hafa neikvæð áhrif á gæði útlánasafns bankans og versnandi tryggingastaða útlána gat skapað aukna afskriftaþörf sem rýrt hefði afkomu bankans verulega og jafnframt haft mikil áhrif á eiginfjárhlutfall bankans.

Ákærðu höfðu verulega persónulega hagsmuni af því að verð hlutabréfa í Glitni héldist sem hæst, auk þess sem ákærði Lárus hafði af því mikla hagsmuni að halda vel launuðu starfi sínu í bankanum.

Ákærði Lárus átti aldrei hlutabréf í Glitni. Hins vegar gerði hann kaupréttarsamning við Glitni þegar hann hóf störf hjá bankanum um samtals 150.000.000 hluta sem hann mátti nýta á fimm árum frá undirritun samningsins, 20% á hverju ári. 31. mars 2008 féll ákærði Lárus frá

framangreindum kauprétti með samningi þess efnis, en Lárus hafði þá ekki nýtt sér neinn hluta kaupréttarins. Þegar Lárus hóf störf fékk hann 300.000.000 kr. eingreiðslu og skv. ráðningarsamningi skyldi hann fá aðra slíka greiðslu 1. febrúar 2008, þeirri greiðslu var frestað til 1. febrúar 2009.

Ákærði Jóhannes átti 7.295.548 hluti í Glitni í byrjun október 2008. Þá átti félag í hans eigu, Gnómi ehf., 46.689.324 hluti í bankanum í byrjun október 2008, en hlutirnir voru keyptir 20. maí 2008. Ákærði Jóhannes gerði þrjá kaupréttarsamninga við bankann fyrir alls 11.500.000 hluti, sem honum var heimilt að innleysa á árunum 2007-2009. Jóhannes nýtti ekki kauprétti sína í Glitni. Tekjur ákærða Jóhannesar voru að hluta til tengdar afkomu bankans, en hann fékk greidda hlutdeild í tekjum gjaldeyris- og verðbréfamiðlunarhóps markaðsviðskipta. Þá liggur fyrir að árangurstengdur bónus ákærða Jóhannesar fyrir árið 2007 var 66.000.000 kr.

Ákærði Jónas átti 2.962 hluti í Glitni í byrjun október 2008. Hann gerði kaupréttarsamning við Glitni um 2.000.000 hluta sem honum var heimilt að innleysa á árunum 2009-2010. Bónus greiðslur ákærða Jónasar miðuðust við bónuskerfi markaðsviðskipta að lágmarki 1.500.000 kr. á ári.

Ákærði Valgarð átti 1.185 hluti í Glitni í byrjun október 2008. Hann gerði ekki kaupréttarsamning við Glitni meðan hann starfaði hjá bankanum. Bónus greiðsla ákærða Valgarðs fyrir árið 2007 var 700.000 kr., en þar að auki fékk hann 20 milljón króna ráðningarbónus þegar hann hóf störf í ágúst 2007 að því er virðst vegna áunninna réttinda hans hjá Kaupþingi banka hf. (hér eftir Kaupþing) sem hann afsalaði sér við starfslok sín þar.

Ákærði Pétur átti 8.128 hluti í Glitni í febrúar 2008 sem hann seldi í september 2008, en hann lét af störfum hjá bankanum í maí 2008. Hann gerði ekki kaupréttarsamning við Glitni meðan hann starfaði hjá bankanum. Bónus greiðslur ákærða Péturs voru ákvarðaðar skv. bónuskerfi Glitnis sjóða.

6 Lagaskil – lög um verðbréfaviðskipti

Lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti tóku gildi 1. nóvember 2007. Tímabilið sem ákært er fyrir í I. kafla ákærunnar er frá 1. júní 2007 og er því hluti þess fyrir gildistöku umræddra laga. Á tímabilinu 1. júní 2007 til 1. nóvember 2007 giltu lög nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti með síðari breytingum. Ákvæði um bann við markaðsmisnotkun var að finna í 55. gr. laganna eins og þeim var breytt með lögum nr. 31/2005 og er samhljóða 117. gr. núgildandi verðbréfaviðskiptalaga sem fjallar um markaðsmisnotkun. Auk þess varðaði brot gegn ákvæði eldri laga um markaðsmisnotkun sektum eða fangelsi allt að sex árum, sbr. 78. gr. a, eins og núgildandi lög kveða á um. Af þeim sökum er ekki þörf á að fjalla sérstaklega um ákvæði eldri laganna þar sem engin breyting var á texta ákvæðisins eða refsíákvæði þeirra hvað varðar bann við markaðsmisnotkun.

7 Röksemdir sem varða I. kafla ákæru

Í I. kafla ákæru er ákærðu Lárusi, Jóhannesi, Jónasi, Valgarði og Pétri gefið að sök að hafa í sameiningu í störfum sínum fyrir Glitni ýmist komið í veg fyrir eða tafið fyrir lækkun á verði hlutabréfa í Glitni á tímabilinu með umfangsmiklum kaupþilboðum og kaupum á hlutabréfunum

fyrir eigin reikning bankans í sjálfvirkum pörunarviðskiptum og myndað með því gólf í verðmyndun á hlutabréfum í bankanum.

Ákærði Lárus var æðsti stjórnandi Glitnis. Hann og meðákærði Jóhannes lögðu línurnar varðandi þá háttsemi sem lýst er í I. kafla ákæru. Ákærði Lárus fékk reglulega upplýsingar um stöðu bankans í eigin hlutabréfum, þ.á m. tap bankans á hlutabréfunum. Ákærði Lárus hafði reglulegan aðgang að upplýsingum um háttsemina þar sem hann sat fundi efnahagsnefndar bankans og stýrði þeim frá 21. maí 2008 fram að falli bankans. Hann fékk auk þess upplýsingar um stöðuna í skýrslum sem hann fékk sendar reglulega og í tölvupósti frá ákærða Jóhannesi.

Ákærði Jóhannes var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Glitnis en EVG heyrðu undir það svið. Hann hafði bein afskipti af starfsemi EVG þrátt fyrir að Magnús Pálmi Örnólfsson væri forstöðumaður EVG og næsti yfirmaður ákærðu Jónasar, Valgarðs og Péturs, samkvæmt skipuriti bankans. Ákærði Jóhannes gaf ákærðu Jónasi, Valgarði og Pétri almenn fyrirmæli og hafði samráð við þá um að framkvæma þá háttsemi sem lýst er í I. kafla ákæru á grundvelli fyrirmæla sem ákærði Jóhannes fékk frá meðákærða Lárusi og í samráði við hann. Ákærði Jóhannes var vel upplýstur um dagleg tilboð og viðskipti EVG með hlutabréf í Glitni.

Ákærðu Jónas, Valgarð og Pétur stóðu að þeim viðskiptum og settu fram þau tilboð fyrir hönd EVG sem I. kafli ákærunnar lýtur að.

Vegna umfangs viðskiptanna, mikils kostnaðar við þau og mikils taps sem þau höfðu í för með sér fyrir bankann er útilokað annað en að ákærðu Lárus og Jóhannes hafi stuðlað að þessum viðskiptum og lagt blessun sína yfir þau auk þess sem þeir tóku virkan þátt í að halda markaðsmisnotkuninni gangandi með því að stuðla að sölu á uppsöfnuðum hlutabréfum Glitnis í stórum utanþingsviðskiptum.

7.1 Háttsemi ákærðu

Eins og að framan greinir höfðu ákærðu í sameiningu, en með verkskiptum hætti, í frammi háttsemi sem fólst í því að mynda gólf í verðmyndun á hlutabréfum í Glitni og tryggja þannig óeðlilegt verð eða búa til verð á hlutabréfunum. Að auki voru tilboðin og viðskiptin líkleg til að gefa eftirspurn og verð hlutabréfa í Glitni ranglega og misvísandi til kynna.

7.1.1 Gólf í verðmyndun

Gólf í verðmyndun getur falist í því að halda verði tiltekinna hlutabréfa yfir eða við ákveðin mörk með umfangsmiklum kaupum á hlutabréfunum. Jafnframt getur verðgólf falist í því að draga úr lækkun hlutabréfaverðs með umfangsmiklum kaupum jafnvel þótt hlutabréfaverðið lækki. Þannig myndar verðgólf ekki endilega lárétt og stöðugt verð á hlutabréfunum heldur kemur það í veg fyrir eða tefur fyrir lækkun á verði hlutabréfanna.

Framangreint fær einnig stoð í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 31/2005 um breytingu á þágildandi lögum um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003. Með lögunum var nýrri grein, sem svarar til b-liðar 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr. vvl., bætt við verðbréfavíðskiptalögin en í athugasemdum við greinina sagði að sú háttsemi sem nú er lýst í b-lið miði að því að „verð fjármálagerninga byggist á öðrum forsendum eða lögmálum en þeim sem liggja að baki eðlilegri verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði og gefur því aðra mynd af framboði, eftirspurn eða verði en þeirri sem felst í eðlilegri verðmyndun skipulegs

verðbréfamarkaðar.“ Samkvæmt framansögðu getur verið um verðgólf að ræða þótt ekki takist að stöðva lækkun á verði hlutabréfa.

7.1.2 Hátt hlutfall tilboða og viðskipta

Í a-lið 8. gr. reglugerðar um innherjaupplýsingar og markaðssvik nr. 630/2005, segir að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða, í formi rangra eða misvísandi upplýsinga eða sem tryggir óeðlilegt verð, skuli meðal annars litið til þess hversu hátt hlutfall tilboð eða viðskipti eru af daglegri meðalveltu viðkomandi fjármálagernings á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði. Kemur það því til sérstakrar skoðunar.

Þegar framboð á hlutabréfum í Glitni jókst umfram eftirspurn annarra en EVG, juku EVG að jafnaði kautilboð og kaup á hlutabréfunum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum. Í öllum mánuðum á tímabilinu voru kaup EVG á hlutabréfum í Glitni mun meiri en sala. Samtals námu kaupin 50% af heildarveltunni en salan 1,2% af heildarveltunni og námu nettó kaup þannig 49% af heildarveltunni í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á öllu tímabilinu. Jafnframt var hlutfall kautilboða EVG í hlutabréf í Glitni stór hluti af heildarmagni kautilboða, en á sama tímabili var hlutfall sölutilboða EVG í hlutabréfin af heildarmagni sölutilboða smávægilegt.

Kaup EVG á hlutabréfum í Glitni umfram sölu í sjálfvirkum pörunarviðskiptum voru mjög umfangsmikil í hverjum mánuði allt það tímabil sem ákæran tekur til eða frá um 135 milljónum hluta í ágúst 2008 og upp í um 475 milljónir hluta í janúar 2008. Hlutfallslega hæst voru kaup EVG umfram sölu í sjálfvirkum pörunarviðskiptum í október 2007 eða 68% af heildarviðskiptunum. Sérstaka athygli vekja umfangsmikil kaup EVG á hlutabréfum í Glitni í sjálfvirkum pörunarviðskiptum 29. júní 2007 en það var síðasti viðskiptadagur í Kauphöll fyrir lok 2. ársfjórðungs. Gríðarlegt framboð var á hlutum í Glitni í sjálfvirkum pörunarviðskiptum þennan dag og alls seldust 197.062.604 hlutir. EVG keyptu 56% af heildarveltunni í sjálfvirkum pörunarviðskiptum með hlutabréf í Glitni þennan dag, eða 109.642.069 hluti fyrir rúmlega 3 milljarða króna og héldu þannig gengi bréfanna uppi þrátt fyrir gríðarlegt framboð, en gengi bréfanna hækkaði þennan dag úr 28,8 krónum á hlut í 28,95 krónur á hlut. Kaup EVG á hlutabréfum í Glitni í sjálfvirkum pörunarviðskiptum umfram sölu voru á bilinu 49% og upp í 68% hvern mánuð frá júní og fram í október 2007 og með þessum miklu viðskiptum tókst ákærðu að halda gengi hlutabréfa Glitnis nokkuð stöðugu. Þannig tókst ákærðu að hækka gengið úr rúmlega 28 krónum á hvern hlut í byrjun júní upp tæpa 31 krónu á hvern hlut síðari hluta júlí 2007 og halda því nokkuð stöðugu fram í lok október 2007 með miklum kaupum. Í lok október tók gengi hlutabréfanna að lækka hratt og lækkaði fram í febrúar 2008 niður í 17,1 krónu á hvern hlut um miðjan mánuðinn. EVG reyndi eftir fremsta megni að sporna við lækkuninni, en kaup EVG á hlutabréfum í Glitni jukust umtalsvert á sama tímabili og náðu þau hámarki í janúar 2008 þegar keyptir voru yfir 470 milljónir hluta umfram sölu í sjálfvirkum pörunarviðskiptum. Frá miðjum febrúar og fram í maí tókst ákærðu að halda gengi hlutabréfanna nokkuð stöðugu með miklum hlutabréfakaupum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum. Eftir miðjan maí tók gengið hins vegar að lækka á ný og fór lægst niður í 14,67 krónur á hvern hlut um miðjan júlí 2008. Frá þeim tíma og fram undir lok september 2008 tókst ákærðu með miklum nettó kaupum, eða sem námu 54% af heildarveltu í júlí, 51% af heildarveltu í ágúst og 52% af heildarveltu í september (til og með 26. september), að halda verði hlutabréfa í Glitni nokkuð stöðugu og var gengi bréfanna 15,7 í lok viðskiptadags 26. september 2008 eða aðeins herra en gengið var rúmlega tveimur mánuðum áður. Á tímabilinu 15. til 19. september 2008 jókst framboð á hlutabréfum í Glitni verulega og kaup EVG að sama skapi. EVG voru nettó kaupendur að um 60% hlutabréfa í bankanum þessa daga.

Þrátt fyrir gríðarlegt framboð hlutabréfa í Glitni tókst ákærðu svo vel að verja gengi þeirra að verðið var enn 15,7 krónur á hvern hlut þegar tilkynnt var um að ríkið yrði eigandi að 75% eignarhlut í bankanum 29. september 2008.

Augljós fylgni er milli þess hvernig gengi hlutabréfa í bankanum hreyfðist og þess hvernig EVG höguðu viðskiptum sínum í sjálfvirkri pörun í kauphöllinni. Þegar gengið hækkaði var dregið úr kaupunum, en þegar það lækkaði jukust kaupin og urðu þeim mun meiri eftir því sem gengið féll meira.

Til marks um það hversu viðskiptahegðun EVG var óvenjuleg hvað varðar kaup þeirra á hlutabréfum í Glitni og langt frá því að endurspegla viðskiptahegðun hjá þeim deildum innan hinna stóru bankanna sem sinntu eigin viðskiptum þeirra má til samanburðar nefna að á sama tíma og nettó kaup EVG á hlutabréfum í Glitni nam 49% af heildarveltu með þessi hlutabréf voru eigin viðskipti Kaupþings og Landsbankans nettó seljendur (Kaupþing -7% og Landsbanki -1%) að hlutabréfum í Glitni og það þótt Kaupþing hafi allt tímabilið verið viðskiptavaki í hlutabréfum í Glitni og hefði það hlutverk að tryggja tiltekið framboð og eftirspurn eftir þeim hlutabréfum.

Það er einnig til marks um óvenjulega viðskiptahegðun EVG að viðskipti þeirra með hlutabréf í hinum stóru bönkunum voru með allt öðrum hætti en viðskipti þeirra með hlutabréf í Glitni. Þannig voru EVG nettó seljendur (-3%) að hlutabréfum í Landsbankanum og nettó kaupendur að aðeins 4% af heildarveltu hlutabréfa í Kaupþingi í sjálfvirkum pörunarviðskiptum og það þótt Glitnir hafi verið viðskiptavaki í hlutabréfum í Kaupþingi á tímabilinu.

Hvort sem litið er til tímabilsins í heild, einstakra mánaða eða einstakra viðskiptadaga voru kauptilboð og nettó kaup EVG á hlutabréfum í Glitni óhóflega hátt hlutfall af heildartilboðum og heildarveltu, sérstaklega þar sem um var að ræða kaup útgefanda hlutabréfa á eigin hlutabréfum. Þykir umrætt ákvæði a-liðar 8. gr. reglugerðar nr. 630/2005 því styrkja heimfærslu háttseminnar undir a-lið og b-lið 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr. vvl.

Til að varpa frekara ljósi á hversu óeðlilega hátt hlutfall nettó kaup EVG voru af heildarviðskiptum með hlutabréf í Glitni í sjálfvirkum pörunarviðskiptum vísast til 5. gr. viðauka við reglugerð nr. 630/2005 þar sem fjallað er um skilyrði fyrir viðskiptum í endurkaupaáætlun. Í 4. mgr. greinarinnar kemur fram að það magn sem útgefanda er heimilt að kaupa á einum degi skuli ekki vera meira en sem nemur 25% af meðaltali daglegra viðskipta með viðkomandi hlutabréf á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem kaupin fara fram. Til að útgefanda séu heimil slík kaup þarf hann að birta almenningi ítarlega lýsingu á áætluninni. Glitnir tilkynnti aldrei um slíka endurkaupaáætlun. Takmarkanir á hlutfalli daglegra kaupa á eigin hlutabréfum samkvæmt tilkynntum endurkaupaáætlunum gefa sterka vísbendingu um að kaup EVG á eigin hlutabréfum Glitnis, sem markaðurinn var aldrei upplýstur sérstaklega um, hafi verið svo óhófleg að þau hljóti að fela í sér markaðsmisnotkun.

7.1.3 Markaðsmisnotkun við opnun og lokun markaðar

Opnunar- og lokunarverð skráðra fjármálagerninga ráðast að jafnaði í svokölluðum opunar- og lokunaruppboðum. Ein eða örfá viðskipti eða tilboð geta ráðið verði viðkomandi hlutabréfs þegar markaðir opna eða loka tiltekinn viðskiptadag. Þar sem tiltölulega lítil viðskipti eiga sér að jafnaði stað í opunar- og lokunaruppboðum er unnt að hafa mikil áhrif á verðmyndun hlutabréfa með tiltölulega litlum tilkostnaði. Vegna þessa þykja mikil viðskipti útgefanda með eigin hlutabréf í opunar- og lokunaruppboðum sérstaklega tortryggileg með tilliti til markaðsmisnotkunar.

Lokunaruppboð eru sérstaklega þýðingarmikil hvað varðar verðmyndun hlutabréfa þar sem algengt er að miða við dagslokaverð hlutabréfa í forsendum ýmiss konar viðskiptalegra útreikninga og ákvarðanatöku. Þróun dagslokaverðs getur einnig haft mikla þýðingu fyrir fjárfestingarákvarðanir almennra fjárfesta. Auk þess taka margir afleiddir fjármálagerningar mið af dagslokaverði og sama máli gegnir um bónusgreiðslur og kauprétti starfsmanna og stjórnenda útgefenda hlutabréfa. Til viðbótar framangreindu má nefna að dagslokaverð fyrirtækja skiptir miklu máli í árshlutareikningum, ársreikningum og reikningsskilum fyrirtækja. Mikilvægi opunarverðs felst fyrst og fremst í þeim áhrifum sem gengi hlutabréfa við opnun markaðar getur haft á þróun gengis yfir daginn.

Með hlutfallslega miklum kaupum EVG á hlutabréfum í Glitni í opunar- og lokunaruppboðum á tímabilinu mynduðu ákærðu gólf í verðmyndun á hlutabréfum í Glitni og höfðu þannig áhrif á opunar- og lokaverð hlutabréfanna. Umrædd háttsemi var liður í þeirri heildarháttsemi ákærðu að koma ýmist í veg fyrir eða hægja á lækkun á verði hlutabréfa í Glitni.

Af þeim 331 viðskiptadegi sem viðskipti með hlutabréf í Glitni fóru fram á tímabilinu áttu viðskipti sér stað í lokunaruppboðum 267 viðskiptadaga en engin viðskipti voru í lokunaruppboðum 64 viðskiptadaga. Nettó kaup EVG í lokunaruppboðum voru 50% eða meira af heildarveltunni í lokunaruppboðum 197 viðskiptadaga (73,8% af dögum sem viðskipti áttu sér stað í lokunaruppboði) og EVG voru einu kaupendur hlutabréfa (100%) í lokunaruppboðum 158 viðskiptadaga (59,2% af dögum sem viðskipti áttu sér stað í lokunaruppboði). Á tímabilinu námu nettó kaup EVG á hlutabréfum í Glitni í lokunaruppboðum 67% af heildarveltunni í lokunaruppboðum. Nettó kaup EVG í einstökum mánuðum á tímabilinu voru allt frá því að vera 17% af heildarveltunni í júní 2008 og upp í 91% í september 2007.

Nettó kaup EVG í opunar- og lokunaruppboðum einstaka daga voru svo hátt hlutfall af heildarveltu uppboðanna að líta verður á háttsemi ákærðu hvern þessara daga sem sjálfstætt markaðsmisnotkunarbrot.

7.2 Háttsemi ákærðu var hvorki liður í framkvæmd endurkaupaáætlunar né verðjöfnunar

Samkvæmt 1. tölulið 3. mgr. 115. gr. vvl. á ákvæði 117. gr. vvl. um markaðsmisnotkun ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlun eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi viðskiptin farið fram í samræmi við reglugerð sem sett er á grundvelli 118. gr. vvl. Fjallað er um viðskipti með eigin bréf í endurkaupaáætlunum og verðjöfnun fjármálagerninga í viðauka reglugerðar nr. 630/2005. Fyrir liggur að háttsemi ákærðu, sem fjallað er um í I. kafla ákærunnar, var ekki liður í framkvæmd endurkaupaáætlunar eða verðjöfnunar enda tilkynnti Glitnir aldrei slík áform og skilyrði reglugerðar um endurkaupaáætlanir og verðjöfnun voru að engu leyti uppfyllt.

7.3 Glitnir var ekki viðskiptavaki í eigin hlutabréfum

Glitnir hvorki var né gat með réttu verið viðskiptavaki í eigin hlutabréfum. Háttsemi ákærðu eins og henni er lýst í I. kafla ákæru hafði engin einkenni viðskiptavaktar og slík háttsemi hefði ekki getað talist viðskiptavakt í skilningi 116. gr. vvl. Þótt annar aðili en útgefandi hlutabréfanna hefði átt í hlut.

Fjallað er um viðskiptavakt í 116. gr. vvl., en samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins getur fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til verðbréfavíðskipta með samningi við útgefanda fjármálagerninga skuldbundið sig til að vera viðskiptavaki, þ.e. kaupa og selja fyrir eigin reikning eða reikning

útgefanda tiltekinna fjármálagerninga, í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim. Í 4. mgr. sama ákvæðis segir að geri fjármálafyrirtæki viðskiptavakasamning um viðskipti fyrir reikning útgefanda skuli tryggt að útgefanda sé ekki unnt að hafa áhrif á ákvarðanir um viðskipti á grundvelli samningsins. Í athugasemdum við 40. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 33/2003 um verðbréfiðskipti, sem svarar til 116. gr. vvl., segir að þannig sé tryggt að fjármálafyrirtæki taki í öllum tilvikum sjálfstæðar ákvarðanir um viðskiptin. Af framangreindu má ráða að útilokað er að útgefandi fjármálagernings geti verið viðskiptavaki í eigin hlutabréfum enda myndi slíkt fyrirkomulag augljóslega skapa hagsmunaárekstra og auka hættuna á markaðsmisnotkun.

Samkvæmt 2. mgr. 116. gr. vvl. skal viðskiptavaki tilkynna um samning samkvæmt 1. mgr. til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi fjármálagerningar hafa verið teknir til viðskipta og skal tilkynningin m.a. kveða á um lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða, hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern og hámarksmun á kaup- og sölutilboðum. Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni voru Kaupþing, Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf. og Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. skráðir viðskiptavakar í hlutabréfum í Glitni. Háttsemi ákærðu var því á engan hátt í samræmi við starfsemi, hlutverk eða tilgang viðskiptavaka.

Samkvæmt 3. mgr. 116. gr. vvl. skal viðskiptavaki dag hvern setja fram kaup- og sölutilboð í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar áður en markaðurinn er opnaður. Verði tilboði viðskiptavaka tekið eða það fellt niður af hans hálfu skal hann setja fram nýtt tilboð eins fljótt og mögulegt er þar til hámarksfjárhæð viðskipta fyrir hvern dag hefur verið náð. Háttsemi ákærðu, þ.e. umrædd kaup EVG á eigin hlutabréfum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á tímabilinu, getur ekki talist viðskiptavakt, sbr. framangreint ákvæði vvl. EVG tóku stórar stöður í hlutabréfum í Glitni en viðskiptavakar leitast almennt við að mynda tvær hliðar á markaðnum. EVG settu jafnframt fram margfalt fleiri kauptilboð en sölutilboð í hlutabréf í Glitni. Viðskiptavaki myndi hins vegar leitast við að aðlaga tilboð sín þar til jafnvægi hefur náðst og það magn bréfa sem hann kaupir ætti að vera nokkurn veginn til jafns við það magn sem hann selur. Eins og áður greinir voru EVG nettó kaupandi að hlutabréfum í Glitni í hverjum mánuði á tímabilinu og hegðun ákærðu því í engu samræmi við hegðun viðskiptavaka. Til samanburðar er bent á að Kaupþing, sem var skráður viðskiptavaki í hlutabréfum í Glitni, var nettó seljandi að hlutabréfum í Glitni á tímabilinu.

Umfang viðskipta með tiltekin hlutabréf, þ.e.a.s. dýpt markaðarins, er til marks um það hversu mikill seljanleiki þeirra er. Ljóst er að seljanleiki hlutabréfa er eitt þeirra atriða sem hefur mikil áhrif á verðmyndun bréfanna þar sem mikilvægt getur verið fyrir eigendur hlutabréfa að geta selt jafnvel umtalsvert magn hlutabréfa á skömmum tíma án þess að það hafi veruleg áhrif til lækkunar á verði þeirra.

Líta verður svo á að útgefanda hlutabréfa sé með öllu óheimilt að auka seljanleika og dýpt í viðskiptum með eigin hlutabréf með öðrum hætti en með samningi við fjármálafyrirtæki um viðskiptavakt að uppfylltum ströngum skilyrðum 116. gr. vvl. Glitni var ekki viðskiptavaki í eigin hlutabréfum og sú háttsemi ákærðu að tryggja stöðuga eftirspurn eftir hlutabréfunum og þar með seljanleika þeirra hafði þannig ekki lögmætan tilgang. Þar sem háttsemi ákærðu hafði ekki einkenni viðskiptavaktar heldur myndunar verðgólfs fól hún í sér markaðsmisnotkun enda voru tilboðin og viðskiptin líkleg til að gefa eftirspurn og verð hlutabréfa í Glitni ranglega og misvísandi til kynna og voru að auki til þess fallin að tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á hlutabréfunum.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 842/2014 sagði Hæstiréttur að með gagnályktun frá 116. gr. vvl. væri fjármálafyrirtæki, sem annast verðbréfiðskipti, óheimilt að takast á hendur viðskiptavakt með

eigin hluti. Þá sagði Hæstiréttur að ákvæði laga nr. 108/2007 yrðu skýrð með þeim hætti, að lagt sé bann við því að slíkt fyrirtæki stundi skipuleg viðskipti með eigin hluti í þeim tilgangi að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á hlutunum nema í þeim tilvikum, sem vísað væri til í 1. tölulið 3. mgr. 115. gr. laganna, og þá með því að tilkynna þær fyrirhuguðu ráðstafanir opinberlega.

7.4 Ekki viðurkennd markaðsframkvæmd

Samkvæmt 13. tölulið 2. gr. laga nr. 108/2007 er um viðurkennda markaðsframkvæmd að ræða í skilningi laganna ef eðlilegt er að gera ráð fyrir að hún sé viðhöfð á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og Fjármálaeftirlitið hefur viðurkennt hana með þeim hætti sem kveðið er á um í reglugerð sem sett skal á grundvelli 118. gr. þeirra. Slíkt reglugerðarákvæði hafði ekki verið sett á þeim tíma sem ákæran í máli þessu tekur til og því engin slík viðurkennd markaðsframkvæmd á ákærutímabilinu.

8 Röksemdir sem varða II. kafla ákæru

Í II. kafla ákæru er ákærða Lárusi gefið að sök að hafa í maí 2008 komið á viðskiptum með samtals 393.385.540 hluti í Glitni og látið ranglega líta svo út að 14 félög í eigu starfsmanna bankans hafi lagt fé til kaupa í bankanum og borið af þeim fulla markaðsáhættu. Með framangreindri háttsemi var eftirspurn eftir hlutum í Glitni gefin, eða líklegt er að hún hafi verið gefin, ranglega og misvísandi til kynna auk þess sem viðskiptin einkenndust af blekkingum og sýndarmennsku, sbr. a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

Af framburði vitna, ákærða og öðrum gögnum í málinu má ráða að 14 lykilstarfsmönnum Glitnis banka var, að undirlagi ákærða Lárusar, boðið í maí 2008 til kaups í gegnum einkahlutafélög hluti í Glitni með fullri fjármögnun bankans. Þá liggur fyrir að ákærði Lárus fól starfsmanni hlutabréfamiðlunar bankans, Elvari Svavarssyni, að framkvæma viðskiptin og tilkynna þau til kauphallar.

Um heimfærslu til refsíákvæða

Til stuðnings heimfærslu undir a-lið 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. vísast til þess að við viðskiptin varð engin breyting á markaðsáhættu vegna umræddra hluta í Glitni. Þegar hlutabréfin voru seld umræddum félögum voru viðskiptin að fullu fjármögnuð af Glitni og engar tryggingar aðrar en veð í vörslusöfnum félaganna svo öll áhætta af lækkun hlutabréfanna hvíldi á bankanum.

Í þessu samhengi er vísað til a-liðar 8. gr. reglugerðar nr. 630/2005, en þar segir að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða skuli m.a. horft til þess hversu stórt hlutfall viðskiptin eru af daglegri meðalveltu viðkomandi fjármálagernings. Þau hlutabréfaviðskipti sem hér eru til umfjöllunar voru umfangsmikil á alla mælikvarða. Þykir umrætt reglugerðarákvæði því styrkja heimfærslu háttseminnar undir a-lið 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

Til stuðnings heimfærslu undir 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. vísast til þess að sé háttsemin virt heilðrænt blasir við að um viðskipti, sem einkenndust af sýndarmennsku og blekkingum, hafi verið að ræða. Viðsejendur bankans tóku enga fjárhagslega áhættu í viðskiptunum en höfðu von um hagnað ef bréfin hækkuðu í verði. Hin fjárhagslega áhætta hvíldi aftur á móti áfram á bankanum.

9 Röksemdir sem varða III. kafla ákæru

Eftirfarandi má leiða af framburði vitna, ákærðu og öðrum gögnum í málinu:

Í fyrsta lagi að ákærði Lárus tók ákvörðun um að bjóða 14 starfsmönnum bankans að kaupa bréf í Glitni með fullri fjármögnun bankans. Starfsmönnum var boðið mismarga hluti til kaups en öll boðin áttu það sameiginlegt að bankinn lánaði fyrir viðskiptunum að fullu án þess að starfsmennirnir legðu fram eigið fé eða tryggingar fyrir lánunum.

Í öðru lagi að ákærði Lárus fól vitninu Rósant Má, starfsmanni bankans, að útvega einkahlutafélög til viðskiptanna, eitt félag fyrir hvern starfsmann. Með því að lána að fullu eignarlausum einkahlutafélögum starfsmannanna fyrir kaupunum tóku starfsmennirnir enga persónulega áhættu á viðskiptunum.

Í þriðja lagi að ákærði Lárus kynnti viðskipti starfsmannanna fyrir stjórnarformanni bankans, vitninu Þorsteini Má Baldurssyni og ritaði undir lánabeiðnir fyrir félögin 14 ásamt Þorsteini Má sem dagsettar voru 6. maí 2008.

Í fjórða lagi að ákærði Lárus fól vitninu Magnúsi Arnari að útbúa lánaskjöl vegna viðskiptanna.

Í fimmta lagi að dagana 20. og 21. maí 2008 voru 6.750.424.849 krónur millifærðar til ofangreindra félaga, og var þá búið að draga frá lántökukostnað, og í kjölfarið notaðar til þess að greiða fyrir umrædd viðskipti.

Um heimfærslu til refsíákvæða

Umboðssvikaákvæðið gerir kröfu um að þrjú hlutlæg skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf gerandi að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, í öðru lagi þarf hann að misnota þessa aðstöðu og í þriðja lagi þarf að sýna fram á fjártjón eða verulega fjártjónshættu.

Aðstaða til að skuldbinda Glitni: Ákærði Lárus var forstjóri Glitnis og formaður áhættunefndar bankans. Ákærði Lárus gat í krafti stöðu sinnar skuldbundið bankann sbr. 15. gr. samþykktu fyrir Glitni og 2. mgr. 74. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 en staða hans jafngildir stöðu framkvæmdastjóra í skilningi laga um hlutafélög. Ákærði var því í stöðu til að skuldbinda Glitni. Ákærði Lárus hafði heimild samkvæmt reglum bankans til að taka ákvarðanir um lánveitingar utan funda áhættunefndar ásamt einum öðrum nefndarmanni. Hann var jafnframt í þeirri aðstöðu að geta stjórnað því hvaða mál hann lagði fyrir stjórn bankans til umfjöllunar.

Misnotkun á aðstöðu: Við mat á því hvort ákærða hafi verið heimil sú háttsemi sem honum er gefin að sök vega þýngst þrjú atriði:

Í fyrsta lagi að með því að lána kaupendum hlutabréfa í bankanum að fullu fyrir kaupum á hlutabréfum sem bankinn átti, án þess að bankinn tæki aðrar tryggingar en handveð í vörslusafni félaganna, færði ákærði til lánþega alla hagnaðarvon sem bankinn hefði kunnað að eiga með því að halda á hlutabréfunum. Tapsáhættan, sem hefði með réttu átt að vera óhjákvæmilegur fylgifiskur hagnaðarvonarinnar, sat eftir sem áður hjá bankanum. Lánveitingin var þannig til þess fallin að afla lánþega ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað Glitnis og hluthafa bankans.

Í öðru lagi hafði ákærði Lárus ekki heimild til að láta greiða út lánin án þess að fyrir lægi samþykki þar til bærrar lánanefndar. Í 3. gr. reglna stjórnar Glitnis um útlán og markaðsáættu frá 2. október

2007 (*e. General rules on credit and market risk*) kemur fram að stjórnin gefi út almennar reglur um útlán og markaðsáættu. Í 2. gr. kemur fram að allar ákvarðanir um útlánaáættu og/eða markaðsáættu skulu byggðar á formlegu áættumati á viðskiptavininum og fjárhagsstöðu hans, lánsæfi hans, útlánasögu og öðrum viðeigandi upplýsingum. Sérstaklega skal þess gætt að meta lánsæfi viðskiptavinar, gæði trygginga eða annarra áættuþátta, sem og eðli útlánaáættunnar og eðlislega áættu hennar.

Áættunefnd Glitnis var æðsta lánanefnd bankans. Forstjóri bankans, ákærði Lárus, var formaður nefndarinnar og skipaði aðra meðlimi hennar, sbr. 3. mgr. 3. gr. reglna stjórnar Glitnis um lán og markaðsáættu og 5.3 gr. og 6. gr. í útlánahandbók Glitnis (*e. Credit Manual – Risk Management – credit document 2007*) sem samþykkt var 7. nóvember 2007 af áættunefnd bankans. Áættunefnd Glitnis hafði það hlutverk að ákveða útlánaheimildir viðskiptavina innan þeirra viðskiptamarka sem nefndin hafði, sbr. 4. mgr. 3. gr. í reglum stjórnar um lán og markaðsáættu og 5.3 gr. í útlánahandbók bankans. Í 4.2 gr. í útlánahandbókinni kom fram að áættunefnd hefði heimild til að samþykkja lánsbeiðnir í samræmi við heimildatöflu sem stjórn bankans samþykkti. Sú tafla kom fram í 4.4 gr. útlánahandbókarinnar svo og í 4. gr. reglna stjórnar um lán og markaðsáættu. Í lánabeiðnum félaganna 14 voru þau skilgreind í áættuflokk 7. Fyrir liggur að lánveitingarnar voru ekki samþykktar af áættunefndinni. Við útgreiðslu lánanna varð ekki aftur snúið og var þá þegar fyrir hendi veruleg fjártjónshætta.

Í þriðja lagi voru ekki teknar fullnægjandi tryggingar fyrir lánunum til félaganna 14. Samkvæmt 2. gr. reglna stjórnar um útlán og markaðsáættu skal leggja sérstaka áherslu á að meta m.a. lánsæfi viðskiptavinar, gæði trygginga eða annarra áættuþátta, sem og eðli útlánaáættunnar og eðlislega áættu hennar. Í 8.4 gr. útlánahandbókarinnar kemur fram að almennt skyldi Glitnir kappkosta að draga úr áættu að því marki sem mögulegt er með formlegum veðum, tryggingum, samningum og öðrum þáttum. Tryggingu skal meta á markaðsvirði eða kaupverði eftir því hvort er lægra.

Af gögnum málsins má sjá að þessum ákvæðum var ekki fylgt þegar lánveitingarnar til félaganna 14 voru framkvæmdar. Til tryggingar lánanna 14 samkvæmt lánssamningum milli félaganna 14 og Glitnis, allir dags settir 19. maí 2008, voru bankanum sett að handveði þá vörslureikninga sem umrædd hlutabréf sbr. II. kafla voru hýst. Lánin voru svokölluð kúlulán til fjögurra ára, þar sem lánin auk vaxta og lántökugjalda voru greidd með einni greiðslu á gjalddaga. Því er ljóst að tryggingarandlagið var þegar lánin voru greidd út strax lægra en lánið sjálft. Tryggingar fyrir lánveitingunnum voru því með öllu ófullnægjandi.

Í fjórða lagi braut ákærði Lárus gegn starfs- og trúnaðarskyldu gagnvart bankanum skv. lögum um hlutafélög þegar hann, sem forstjóri Glitnis bar umrædda lánveitingu ekki undir þar til bæra lánanefnd bankans. Í ákvörðun um lánveitinguna og með fyrrgreindri háttsemi ákærða fólst bæði óvenjuleg og mikilsháttar ráðstöfun fyrir Glitni. Háttsemi ákærða var þannig í andstöðu við 2. mgr. 68. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, þar sem ákærði fór ekki eftir þeim fyrirmælum sem félagsstjórn Glitnis hafði gefið með setningu reglna um viðskiptamörk/lánaferla.

Veruleg fjártjónshætta: Við mat á því hvort veruleg fjártjónshætta hafi verið fyrir hendi vega fjögur atriði þyngst:

Í fyrsta lagi að strax og áðurnefndar lánareglur voru brotnar við veitingu lánanna til félaganna 14 hafði skapast veruleg fjártjónshætta fyrir bankann. Byggir sú ályktun á því að reglunum var ætlað að takmarka fjártjónshættu bankans við útlán.

Í öðru lagi að útlán Glitnis til félaganna 14 voru aðeins tryggð með handveðum í vörslureikningum félaganna. Einu eignir félaganna 14 voru hin keyptu hlutabréf í bankanum. Fólst í því lítið tryggingargildi fyrir bankann og benda gögn og framburðir til þess að ákærði Lárus hafi verið meðvitaður um það.

Í þriðja lagi að við lánveitingarnar 14 hafi veðþekjan verið með öllu ófullnægjandi. Kröfur Glitnis til trygginga byggðu á vinnureglum vegna markaðsviðskipta Glitnis frá janúar 2007. Samkvæmt reglunum eru verðbréf almennt ekki metin að fullu (á markaðsvirði) sem veð. Tekið er mið af áhættu verðbréfa þegar lagt er mat á hversu hátt hlutfall þeirra er lánað út á. Í reglunum segir að frádrag (*e. haircut*) hlutabréfa í flokki 1, þar sem hlutabréf í Glitni voru m.a. flokkuð, skuli vera 33%. Meginreglan var því að veðþekja væri 149% vegna útlána til hlutabréfakaupa þar sem hlutabréfin sjálf voru lögð fram sem trygging. Er ljóst af gögnum málsins að veðþekjan var mun lægri en þessar reglur mæltu fyrir um. Þegar af þeirri ástæðu skapaðist veruleg fjártjónshætta við lánveitinguna enda máttu undirliggjandi eignir félaganna ekkert lækka til að bankinn yrði fyrir fjártjóni. Þá er einnig vert að benda á að gengi hlutabréfanna hefði þurft að halda í við hinn mikla vaxtakostnað sem safnaðist upp frá fyrsta degi auk þess sem lánin báru lántökugjöld.

Í fjórða lagi voru engin ákvæði um veðköll í lánasamningunum né ákvæði um þvingunarráðsafanir ef að eign félaganna þ.e. bréfin í Glitni hefðu lækkað.

Skrifstofa héraðssaksóknara,
Reykjavík, 4. mars 2016,

Björn Þorvaldsson, saksóknari